

✉ Fw: RVK-41051 Tilkyning um stjórnýslukæru nr_ UUA2604016_

| | |
|----------------|--|
| Sent | 29.4.2026 09:54:17 |
| Búið til dags. | 29.4.2026 09:56:16 |
| Tilheyrir | 📁 USK26040428 - Stjórnýslukæra ÚUA nr. UUA2604016 - Grensásvegur 46 - Kaffistofa |
| Frá | Hera Elfarsdóttir Linnet (hera.elfarsdottir@reykjavik.is) |
| Til | Logfraedideild.USK@reykjavik.is |

Innihald

USK26040428

Bestu kveðjur,

Hera Elfarsdóttir

Upplýsinga- og skjalastýring

Þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12-14

Netfang: hera.elfarsdottir@reykjavik.is

Frá: Upplýsingar - Pósthólf Símaver

Til: Skjalastýring

Sent: 29.4.2026 09:44:40

Efni: RVK-41051 Tilkyning um stjórnýslukæru nr_ UUA2604016_



uua@uua.is has just sent this issue

Reykjavík / RVK-41051

Beiðnin var stofnuð 29.04.2026 09:29

Tilkyning um stjórnýslukæru nr. UUA2604016.

Diljá - Í dag 09:31

Góðan dag,
áframsendi

Upphafleg beiðni:

Góðan dag.

Meðfylgjandi er afrit stjórnýslukæru, móttækin 28. apríl 2026 ásamt fylgigögnum, þar sem kærð er ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur á fundi 25. mars 2026 þar sem samþykkt var umsókn Samhjálpur um rekstur kaffistofu að Grensásvegi 46.

Vegna framkominnar kæru er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða, **þ. á m. fundargerðir, uppdrættir, umsóknir, samskipti við aðila máls og stofnanir**, og er stjórnvaldi jafnframt gefið kostur á að skila umsögn í málinu **innan 15 daga frá dagsetningu þessarar tilkyningar**, en hægt er að óska eftir 15 daga viðbótarfresti, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Óskast staðfest um móttöku.

Með kveðju f.h.
nefndarinnar **Ólöf**

Harðardóttir
skrifstofumaður

Úrskurðarnefnd
umhverfis- og
auðlindamála
Borgartúni 21, 105
Reykjavík, Ísland
Sími / Tel: (+354)
5758710, símatími
kl. 10-12

www.uua.is - [
Fyrirvari/Disclaimer

https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.stjornarra
did.is%2Fum-vefinn%2Fum-abyrgd-a-tolvuposti-email-disclaimer
%2F&data=05%7C02%7Cupplýsingar%40reykjavik.is
%7Cd60c58e668504169289f08dea5d17d05%7C6aed0be3a6ff4c6c8
3b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C639130517575806214%7CUnknown
%7CTWFpbGZsb3d8eyJFbXB0eU1
hcGkiOnRydWUslIYiOiIwLjAuMDAwMCIslIAiOiJXaW4zMilslkFOljoiTWFpbCllldUljoyfQ
%3D%3D%7C0%7C%7C
%7C&sdata=Ze0dfNHSi74idGAPJaECO82wzPW3%2FpDsqLPFtKgtvGc
%3D&reserved=0]



||

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður og samgöngumáti er valinn.
Please consider the environment before printing and choosing transport.

Samskipti í beiðni:

uua@uua.is - Í dag 09:29

[K%C3%A6ra+til+%C3%BArskur%C3%B0arnefndar+umhverfi1.pdf](#) (226 kB)

[K%C3%A6ra+til+%C3%BArskur%C3%B0arnefndar+umhverfis-og+au%C3%B0indam%C3%A1la.pdf](#) (16 kB)

[Verkefni+I%C3%B6greglu+%C3%AD+e%C3%B0a+vi%C3%B0+kaffistofu+Samhj%C3%A1lpar+2023+til+2025.pdf](#) (97 kB)

[leidarvisir-barnvaent-hagsmunamat-201124.pdf](#) (2.09 MB)

Vinsamlegast svaraðu viðkomandi á eftirfarandi netfang: uua@uua.is

This email was sent by the [Email This Issue](#) Cloud add-on

KÆRA TIL ÚRSKURÐARNEFNDAR UMHVERFIS- OG AUÐLINDAMÁLA

28.4.2026 22:53

1. Kærandi/kærendur

Ef kærendur eru fleiri en einn skal skrá þá aðila hér með hnappnum Bæta við kæranda. Ef fleiri koma að kæru þarf umboð frá meðkærendum ef kæran er ekki meðfylgjandi undirrituð skriflega af öllum aðilum.

| | |
|--------------|----------------------|
| Fullt nafn | Þórður Halldórsson |
| Kennitala | ██████████ |
| Heimilisfang | ██████████ |
| Póstnúmer | 108 |
| Staður | Reykjavík |
| Sími | ██████████ |
| Netfang | ████████████████████ |

Ef um umhverfisverndarsamtök, útivistarsamtök eða hagsmunasamtök er að ræða þarf einnig að skila inn eftirtöldu, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Upplýsingum um félagafjölda. Samþykktum félagsins. Nýjustu ársskýrslu. Staðfestingu á því að um endurskoðað bókhald sé að ræða, t.d. með árituðum ársreikningi.

2. Umboðsmaður kæranda/kærenda ef við á

| | |
|--------------|----------------------|
| Fullt nafn | Þórður Halldórsson |
| Kennitala | ██████████ |
| Heimilisfang | ██████████ |
| Póstnúmer | ██████████ |
| Sími | ██████████ |
| Netfang | ████████████████████ |
| Umboð | ██████████ |

3. Kæruefni

Hér skal tilgreina hvaða ákvörðun, athafnaleysi, brot á þátttökurétti almennings eða önnur afgreiðsla stjórnvalds er kærð. Upplýsa skal hvaða stjórnvald tók hina kærðu ákvörðun og hvenær ákvörðunin var tekin.

Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9. Fylgiskjalalista

Efni kærunnar

Kærð er ákvörðun meirihluta umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur á fundi 25. mars 2026 þar sem samþykkt var umsókn

Samhjálp um rekstur kaffistofu að Grensásvegi 46. Ákvörðun var birt síðar á netinu.

Stjórnvald sem tók hina kærðu ákvörðun Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur

Dagsetning ákvörðunar 25.03.2026

Kæruheimild (ef þær upplýsingar eru til staðar)

4. Kröfugerð (hvers krefst kærandi?)

Sem dæmi má nefna krafa um að ákvörðun verði felld úr gildi eða hluta, að viðkomandi stjórnvald aðhafist, að tiltekna framkvæmdir verði stöðvaðar eða að réttaráhrifum ákvörðunar verði frestað. Tekið skal fram að úrskurðarnefndin úrskurðar um lögmæti kærðrar ákvörðunar en tekur ekki nýja ákvörðun í málinu eða breytir ákvörðunum.

Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9. Fylgiskjalalista

Kröfugerð mín er sú að ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs verði felld úr gildi á þeirri forsendu að ekki var framkvæmt sérstakt mat á áhrifum þessarar ákvörðunar á börn sem búa í nágrenni við Grensásveg 46. Að ný ákvörðun í málinu verði einungis tekin að undangengnu barnvænu hagsmunamati í samræmi við leiðarvísi Mennta- og barnamálaráðuneytisins.

5. Hagsmunir kæranda/kærenda

Hvaða áhrif hefur hin kærða ákvörðun á hagsmuni kæranda/kærenda?

Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9.
Fylgiskjalalista

Ég er íbúi að Skálagerði 4 sem stendur á sömu lóð og fyrirhuguð staðsetning kaffistofu Samhjalpar. Mér var boðið að senda inn athugasemdir í grenndarkynningu sem Reykjavíkurborg stóð fyrir vegna þess máls. Í ljósi kröfugerðar minnar tek ég einnig fram að ég er foreldri tveggja barna sem ganga í skóla í hverfinu.

6. Kærufrestur

Hvenær (og hvernig) vissi kærandi/kærendur af hinni kærðu ákvörðun

Það mun hafa verið um mánaðarmótin mars/apríl

7. Rökstuðningur fyrir kæru

Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9.
Fylgiskjalalista

8. Forsaga

Hefur málið áður verið kært til úrskurðarnefndarinnar eða annars stjórnvalds eða verið til meðferðar fyrir dómstólum eða hjá umboðsmanni Alþingis?

Nei

9. Fylgiskjalalisti

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

| | |
|---------------|--|
| Lýsing skjals | Kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála |
| Númer skjals: | 1 |
| Fylgiskjal | Kæra til úrskurðarnefndar umhverfi1.pdf |

9. Fylgiskjalalisti²

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

| | |
|---------------|--|
| Lýsing skjals | Leiðarvísir um barnvænt hagsmunamat |
| Númer skjals: | 2 |
| Fylgiskjal | leidarvisir-barnvaent-hagsmunamat-201124.pdf |

9. Fylgiskjalalisti³

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

| | |
|---------------|---|
| Lýsing skjals | Verkefni lögreglu |
| Númer skjals: | 3 |
| Fylgiskjal | Verkefni lögreglu í eða við kaffistofu Samhjalpar 2023 til 2025.pdf |



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Reykjavík, 7. maí 2026
USK26040428

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar í málinu nr. UUA2604016, kæra Þórðar Halldórssonar, Skálagerði 4, dags. 28. apríl 2026.

Í framangreindri kæru er kærð ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur á fundi 25. mars 2026 þar sem samþykkt var umsókn Samhjalpar um rekstur kaffistofu að Grensásvegi 46

Málavextir

Sótt var um leyfi til að innrétta veitingastað í flokki I, tegund c, móttökueldhús og matsal fyrir 100 gesti, ásamt tilheyrandi snyrtingum og starfsmannaaðstöðu í rými 0101 í húsi nr. 46 við Grensásveg. Erindinu var vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa sem ákvað á afgreiðslufundi þann 18. nóvember 2026 að grenndarkynna umsóknina fyrir hagsmunaaðilum. Umsóknin var grenndarkynnt frá 28. nóvember 2025 til og með 5. janúar 2026. Athugasemdir bárust og voru þær, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 10. febrúar 2026, kynntar umhverfis- og skipulagsráði á fundi þann 25. mars 2026.

Umsögn skipulagsfulltrúa hafði að geyma svör við framkomnum athugasemdum, auk þess að lagt var til að fallið yrði frá fyrirhuguðum skjólveggjum, bekkjum og blómabeðum á lóð. Í umsögn var að öðru leiti lagt til að byggingarleyfisumsókn yrði samþykkt. Umhverfis- og skipulagsráð samþykkti erindið með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 10. febrúar 2026 og með vísan til 1. liðar 1. gr. í viðauka 1.1. um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs. Var málinu þá vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

Á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þann 31. mars 2026 var samþykkt að veita byggingarleyfi og var leyfið útgefið þann 9. apríl 2026.

Með bréfi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 8. apríl 2026, kærði íbúi að Heiðargerði 54, íbúar að Hvammsgerði 3, íbúar að Hvammsgerði 5, íbúar að Hvammsgerði 7, íbúar að Hvammsgerði 11, íbúar að Skálagerði 4, íbúar að Skálagerði 6, GRB ehf., Grensásvegi 48, og REK Ráðgjöf ehf., Grensásvegi 50, ákvörðunina.

Með bréfi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 8. apríl 2026, kærðu íbúar að Bakkagerði 1, íbúar að Bakkagerði 4, íbúi að Breiðagerði 2, íbúi að Breiðagerði 6, íbúar að Brekkugerði 19, íbúi að Grensásvegi 60, íbúi að Heiðargerði 51, íbúi að Heiðargerði 52, íbúar að Heiðargerði 54, íbúi að Hvassaleiti 28, íbúar að Skálagerði 13, íbúar að Skálagerði 17, íbúar að Steinagerði 15, íbúi að Stóragerði 23, íbúar að Teigagerði 1, sömu ákvörðun til úrskurðarnefndarinnar og kröfðust einnig ógildingar hennar. Sú kæra fékk málsnúmerið UUA2604003.

Öll gögn málsins voru afhent nefndinni þann 16. apríl 2026.



Í báðum greindum kærur var gerð krafa um að framkvæmdir yrðu stöðvaðar á meðan málið væri til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni. Kröfunni var hafnað með bráðabirgðaúrskurði þann 20. apríl s.l. en samtímis voru kærurálin sameinuð.

Þann 28. apríl 2026 kærði íbúi við Skálagerði 4 ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur frá 25. mars 2026 og verður um hana fjallað hér.

Kröfugerð og málsástæður kæranda

Kærandi krefst þess að felld verði úr gildi ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs á þeirri forsendu að ekki var framkvæmt sérstakt mat á áhrifum þessarar ákvörðunar á börn sem búa í nágrenni við Grensásveg 46.

Afstaða Reykjavíkurborgar

Ákvörðun sú sem hér er kærð, þ.e. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs er ekki kæránleg ákvörðun enda einungis hluti af málsmeðferðinni sem leiddi til þess að byggingarfulltrúinn í Reykjavík tók ákvörðun um að veita byggingarleyfi þann 31. mars 2026. Litið verður svo á að kærandi hafi ætlað að kæra ákvörðun byggingarfulltrúa um veitingu og útgáfu byggingarleyfis fyrir veitingastað á Grensásvegi 46. Rétt er þá að benda á að kærandi hefur áður lagt fram kæru vegna sömu ákvörðunar í máli nr. UUA2604002.

Kærandi heldur því fram að ákvörðun um veitingu byggingarleyfisins sé ógildanleg vegna þess að ekki hafi verið framkvæmt barnvænt hagsmunamat í samræmi við leiðarvísi Mennta- og barnamálaráðuneytisins. Í nefndum leiðarvísi segir:

Leiðarvísir þessi er unninn í samvinnu við embætti umboðsmanns barna á grundvelli samnings sem gerður var vegna aðgerðar 4.1 í þingsályktun um barnvænt Ísland. Honum er fyrst og fremst ætlað að liggja til grundvallar við stefnumótandi ákvarðanatöku stjórnvalda, svo sem við gerð lagafrumvarpa, reglugerða, stefnu, aðgerðaáætlana o.fl. Hins vegar er ljóst að stjórnvöldum ber einnig að leggja mat á hagsmuni barna við einstaklingsákvarðanir en efni því til stuðnings má finna á heimasíðu umboðsmanns barna.


Ekki er hægt að fallast á að útgáfa byggingarleyfis fyrir veitingastað í atvinnuhúsnæði sé stefnumótandi ákvarðanatöku og því var ekki þörf á að framkvæmda formlegt barnvænt hagsmunamat í samræmi við leiðarvísinn. Engu að síður er rétt að mat þurfti að leggja á áhrif ákvörðunarinnar á börn í hverfinu, líkt og umboðsmaður barna benti á með bréfi, dags. 6. mars 2026.

Áður en ákvörðun um grenndarkynningu var tekin var unnin forvinna og umsóknin skoðuð út frá lagalegum og skipulagslegum forsendum, þ.m.t. grenndaráhrif á börn og aðra íbúa, fyrirhuguð starfsemi og álag á innviði. Grenndarkynningin stóð svo yfir í rúmlega 5 vikur, þ.e. yfir lengra tímabil en venjan er vegna hátíðarhalda. Að grenndarkynningu lokinni var athugasemdum svarað.

Í umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 10. febrúar 2026 má sjá að áhrif ákvörðunarinnar á börn voru sannarlega metin. Eftirfarandi texta má finna í kafla 3c í svörum við athugasemdum, bls. 19 í umsögn:



Grensásvegur, milli Bústaðavegar og Miklubrautar, markar skil milli grunnskólahverfa Breiðagerðisskóla og Hvassaleitisskóla, þannig að umrædd staðsetning er í jaðri grunnskólahverfis Hvassaleitisskóla. Hvassaleitisskóli og Breiðagerðisskóli eru báðir skólar fyrir börn í 1-7. bekk. Þegar börn fara í 8. bekk, fara þau í Réttarholtsskóla. Sum börn þurfa að fara yfir Grensásveg, en bent er á að kennsla hefist á morgnanna töluvert áður en kaffistofa Samhjalpar opnar. Þegar skóla lýkur getur kaffistofan verið opin.



Mynd sem sýnir uppskiptingu grunnskólahverfa, staðsetningu grunnskóla í samhengi við Grensásveg 46.

Bein loftlína frá Grensásvegi 46 í Hvassaleitisskóla er u.þ.b. 245 metrar, í Breiðagerðisskóla u.þ.b. 320 metrar og í Réttarholtsskóla rúmir 680 metrar. Þetta er bein loftlína en ekki göngu-eða hjólaleið. Staðsetning viðkomandi skóla eru almennt ekki á leið þeirra sem heimsækja kaffistofu Samhjalpar. Engar athugasemdir bárust frá stjórnendum eða starfsfólki skólanna eða frá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Í þessu samhengi er bent á að allri borginni er skipt upp í hverfi eftir grunnskólum.

Niðurstaða

Í ljósi framangreinds verður ekki talið að skortur á hagsmunamati fyrir börn geti valdið ógildingu ákvörðunarinnar og ítrekar Reykjavíkurborg þá kröfu sína að úrskurðarnefndin hafni kröfum kæranda í málinu. Taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kæru og í umsögn þessari er þess óskað að borgaryfirvöldum verði gert kleift að tjá sig um þær áður en til úrskurðar í málinu kemur en vísað er einnig til annarra umsagna í sama máli.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,

Snædís Karlsdóttir Bergmann
Skrifstofa stjórnarsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið